

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar að Lambalæk, Rangárþingi eystra.

Í samræmi við 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Rangárþings eystra á fundi sínum 13. október 2005, breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar að Lambalæk í Fljótshlíð.

*Lambalækur – Breyting á eldra deiliskipulagi.*

Um er að ræða stækkun svæðis um 9,7 ha og leyfi til að byggja á 3 nýjum lóðum.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkti breytinguna 13. september sl. og var hún staðfest í sveitarstjórn Rangárþings eystra 13. október sl.

Eldra gildandi deiliskipulag var staðfest í maí árið 2000.

*F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra, 9. febrúar 2006,*

**Rúnar Guðmundsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 15. febrúar 2006